

Reykjavíkurborg  
b/t Ann María Andreasen  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2019  
UST201903-293/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Hlemmur - Reykjavík**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlemm í Reykjavík.

Í lýsingu kemur fram að tillagan gengur út á að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni sem sameinar tvær gildandi deiliskipulagsáætlanir þó með breyttum mörkum.

Í lýsingu kemur einnig fram að markmið tillögunnar sé m.a. að innleiða hugmyndir sem komu fram í hugmyndasamkeppni, afmarka sérakreinar fyrir almenningssamgöngur, ný gatnamót við Snorrabraut og Bríetartún, nýtt torg og göngugötu og afmörkun byggingareita m.a. fyrir verslun – og þjónustu.

#### **Umhverfisáhrif áætlunarinnar**

Í lýsingu kemur fram að unnið verður umhverfismat skv. 5.4.gr. skipulagsreglugerðar þar sem lagt verður m.a. mat á áhrif tillögunnar á loftgæði.

Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft jákvæð umhverfisáhrif m.t.t. loftgæða á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á tvær reglugerðir sem gætu nýst við tillöguggerðina. Það er annars vegar reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði og hins vegar reglugerð nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnissoxið, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings. Markimið með reglugerðum þessu er m.a. að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur